

Svar skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 31.mars 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um aðgengismál í Austurbæjarskóla:

Varðandi fyrirspurn þína um aðgengismál Austurbæjarskóla þá er málið í höndum umhverfis og skipulagssviðs eins og er en fer svo þaðan til ákvörðunar ferlimála. Staðan er þessi, arkitekt hússins hefur unnið hönnun vegna aðgengismála. Verkfræðihönnun og kostnaðaráætlun stendur yfir og mun skýrsla verða tilbúin á næstunni. Sú skýrsla verður lögð fyrir ferlinefnd Reykjavíkurborgar sem fer yfir og metur næstu skref framkvæmda.

Svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 6. 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um aðgengismál í Austurbæjarskóla:

Sérfræðingar í þessum málaflokki hjá verkfræðistofunni VSÓ eru að leggja lokahönd á aðgengisúttekt á skólanum. Sú skýrsla verður lögð fyrir Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks og mun svo í kjölfarið verða send til íbúaráðsins til upplýsinga.

Í drögum af þeirri skýrslu er ljóst að það mun aldrei verða mögulegt að gera húsnaðið að fullu aðgengilegt fyrir fólk sem notar hjólastól. Er það m.a. vegna þess hvernig húsið er byggt, og einnig vegna þess að það er friðað. En hægt er að bæta aðgengismál í skólahúsinu og á lóðinni fyrir flesta aðra hópa fatlaðs fólks.

Á vegum byggingardeildar SFV, er verið að skoða möguleika á lyftu á milli hæða í húsinu sem mun einnig bæta aðgengi töluvert innan skólans.

Allar þessar skoðanir fara fram í góðu samráði m.a. við skólastjóra og umsjónarmann Austurbæjarskóla.